

Föstudaginn 24. nóvember 1967.

Nr. 158/1966. **Jakob Árnason**

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.)

gegn

Hafþóri Guðmundssyni

f. h. Sigurjóns Sigurðssonar

Jóni B. Jónssyni og

Hjalta Stefánssyni

(Haukur Jónsson hrl.)

Einari Viðar f. h. Verzlunarinnar Fáfnis og

Vélaverkstæðisins Kistufells

(Einar Viðar hrl.)

Ásmundi S. Jóhannssyni f. h.

Sigurðar Jónssonar

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Frávísun. Uppboð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 26. júlí 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. ágúst 1966 og krafist þess, að nauðungaruppboð það, er síðar greinir, verði úr gildi fellt og stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hafþór Guðmundsson hefur sent Hæstarétti greinargerð, dags. 20. október 1967, þar sem hann lýsir því, að hann hafi eigi haft umboð til að taka á móti stefnu á hendur Sigurjóni Sigurðssyni.

Stefndu Jón B. Jónsson og Hjalti Stefánsson krefjast þess, að hið áfrýjaða uppboð verði dæmt gilt og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Einar Viðar f. h. Verzlunarinnar Fáfnis og Vélaverkstæðisins Kistufells krefst þess, að uppboðið verði staðfest og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ásmundur S. Jóhannsson f. h. Sigurðar Jónssonar krefst þess, að kröfur áfrýjanda verði ekki til greina teknar og honum verði dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með samningi, dags. 9. desember 1964, keyptu þeir áfrýjandi, Jakob Árnason, Miðtúni 2, Keflavík, og Sigurjón Sigurðsson, Miðstræti 3 A, Reykjavík, „beltakrana hafnarsjóðs Hafnarfjarðar. Krani þessi er af gerðinni P & H, Pawling and Harnischfeger, No 6769, SO 257500, U18“. „Dragline“-skófla, virastýring og „gír“-kassi fylgdu krananum í sölunni. Umsamið kaupverð var kr. 120.000.00, er greiddist með tveimur víxlum, hvorum að fjárhæð kr. 60.000.00. Féll annar þeirra í gjalddaga 1. febrúar 1965, en hinn 1. ágúst 1965. Var Sigurjón Sigurðsson útgefandi þeirra, en áfrýjandi samþykkjandi. Með afsali, dags. 6. ágúst 1965, seldi Sigurjón Sigurðsson áfrýjanda eignarhluta sinn í krananum með áðurgreindum fylgihlutum. Segir í afsalinu, að kaupandi hafi gert seljanda full skil á kaupverðinu. Vitundarvottar á afsali eru greindir þeir Gylfi Guðmundsson og Ingvar Guðmundsson. Í vætti hefur Gylfi Guðmundsson tjáð sig minna, að hann hafi ritað á afsalið „rétt um mánaðamótin sept.—okt. 1965“ og áfrýjandi hafi verið með afsalið. Nafn Sigurjóns Sigurðssonar hafi þá ekki verið á afsalinu og eigi hafi Sigurjón verið viðstaddur. Vitnið Ingvar Guðmundsson hefur fyrir dómi borið, að hann hafi ritað á afsalið „í byrjun október“ að hann minni. Hafi áfrýjandi verið með skjalið, en eigi man vitnið, hvort þeir áfrýjandi og Sigurjón höfðu þá undirritað, Sigurjón Sigurðsson hafi eigi verið viðstaddur.

Hinn 24. nóvember 1965 háði Viggó Tryggvason, fulltrúi borgarfélagans í Reykjavík, félagadóm í húsinu nr. 12 við Skólavörðustíg. Að kröfu Einars Viðars hæstaréttarlögmanns framkvæmdi félagi þrjár fjárnámsgerðir til fullnustu:

1. Dómi bæjarþings Reykjavíkur nr. 3080/1965 í máli Vélaverkstæðisins Kistufells gegn Sigurjóni Sigurðssyni, að fjárhæð kr. 14.290.00 ásamt vöxtum og kostnaði.
2. Dómi bæjarþings Reykjavíkur nr. 1941/1965 í máli

Verzlunarinnar Fáfnis gegn Sigurjóni Sigurðssyni, að fjárhæð kr. 1.600.00 ásamt vöxtum og kostnaði.

3. Dómi bæjarþings Akureyrar nr. 3/1965 í máli Sigurðar Jónssonar gegn Sigurjóni Sigurðssyni, að fjárhæð kr. 8.500.00 ásamt vöxtum og kostnaði.

Hafþór Guðmundsson héraðsdómslögmaður mætti fyrir gerðarþolanda, sem ekki var viðstaddur. „Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógæti yfir fjárnámi í . . . skurðgröfu P.H.“. Þess er að geta, að gerðarþolandinn, Sigurjón Sigurðsson, átti á þeim tíma, er hér skiptir máli, aðra beltavél af sömu gerð og þá, sem að framan er lýst. Bar sú vél einkennistöluna nr. 6770 og var uppi í Rauðhólum. Beltavél sú, nr. 6769, er mál þetta varðar, var hins vegar geymd inni í Sæviðarsundi. Var einkenning hinnar fjárnumdu vélar þannig mjög ábótavant í fjárnámsgerðinni, sbr. 45. gr. laga nr. 19/1887.

Áfrýjandi vissi eigi um fjárnámsgerðirnar og var eigi við þær staddur né neinn af hans hendi. Er hann því á engan hátt af þeim bundinn og áfrýjun hans á þeim eigi nauðsynleg.

Á grundvelli nefndra fjárnámsgerða báðu umboðsmenn fjárnámshafa um uppboð á „skurðgröfu P.H.“ hinn 6. desember 1965 og 28. janúar 1966. Í Morgunblaðinu var auglýst í apríl 1966, að uppboð skyldi heyja miðvikudaginn 27. apríl 1966, kl. 1.30 síðdegis, að Síðumúla 20 í Reykjavík, og skyldi seljast bifreiðir o. fl.: . . . og „skurðgrafa P.H.“.

Uppboðið fór þannig fram:

„Ár 1966, miðvikudaginn 27. apríl, var uppboðsréttur Reykjavíkur settur í Síðumúla 20 (Vökuport) og haldinn af fulltrúa borgarfógeta, Þórhalli Einarssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: að selja við nauðungaruppboð nokkrar bifreiðir eftir kröfu Gjaldheimtunnar í Reykjavík o. fl.

Fram er lagt í réttinum beiðni um uppboð ásamt fskj. þingm. nr. 1—6.

Fylgiskjöl tilh. P.H. skurðgröfu.

Fylgja með í eftirriti.

Uppboðið var augl. 2 í Morgunblaðinu.

Lesnir uppboðsskilmálar.

Uppboðið fór þannig fram:

P.H. skurðgrafa, talinn eigandi Sigurjón Sigurðsson, Miðstræti 3 A, seld eftir kröfu Ásmundar Jóhannessonar hdl. o. fl. Kaupendur Hjalti Stefánsson, Breiðh.v. 10, og Jón B. Jónsson.

Kr. 1.000.00.

Greitt.

Þá mæta í réttinum f. Gjaldheimtuna í Reykjavík Kristinn Kristjánsson, fyrir Einar Viðar hrl. er mættur Ragnar Aðalsteinsson, einnig er mættur Jónas Aðalsteinsson hdl., fyrir Vöku h/f mætir Hjalti Stefánsson.

Þá var ekki fleira selt og uppboðinu lokið.

Rétti slitið.

Vottar:

Þórhallur Einarsson fltr.

Ingólfur Sigurz

Jón B. Jónsson“.

Ásmundur S. Jóhannsson f. h. Sigurðar Jónssonar hafði að visu beðið um uppboð þetta, en hann lét eigi mæta á uppboðsþinginu.

Svo sem uppboðsgerðin ber með sér, var annar uppboðskaupenda stefndi Jón B. Jónsson, sem jafnframt var þingvottur við uppboðið. Um þingvotta segir í 41. gr. laga nr. 85/1936, að þeir megi „hvorki vera svo venzlaðir dómara né aðilja sem segir í 1. málsgl. 1. tölul. 125. gr.“. Á þessi regla og við um uppboð, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1949. Á uppboðsþingi því, sem að framan getur, gerðist uppboðsvotturinn uppboðskaupandi og þar með aðili uppboðsmálsins. Er háttsemi þessi við framkvæmd uppboðsins brýnt brot á nefndri 41. gr. Átti uppboðshaldari eigi að sinna boði þingvottsins.

Áfrýjandi mætti hvorki né lét mæta á uppboðsþinginu, enda hafði hann eigi hugmynd um, að selja skyldi þar beltavélina nr. 6769. Af þessum sökum er hann eigi bundinn af uppboðsgerðinni. Er honum því eigi nauðsyn að áfrýja henni. Hins vegar verður að telja, að hann hafi haft slíkra hagsmuna að gæta, að slík áfrýjun hafi verið honum heimil.

Svo sem áður sagði, kveðst Hafþór Guðmundsson héraðs-

dómslögmaður eigi hafa haft umboð til að taka við stefnu á hendur Sigurjóni Sigurðssyni. Verður því að frávísa málinu frá Hæstarétti, sbr. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungarupphæð.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu er frávísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Miðvikudaginn 29. nóvember 1967.

Nr. 143/1965. M (Sigurður Ólason hrl.)

gegn

K (Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s. á. Hann krefst þess aðallega, að honum verði dæmd alger sýkna af kröfum stefnda, en til vara, að úrslit málsins verði lätin velta á synjunareiði hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur að öðru leyti en því, að henni verði veitt gjafsókn í héraði og málskostnaður þar henni til handa verði hækkaður. Þá krefst stefndi, sem fengið hefur gjafvörn fyrir Hæstarétti,